

Nettengd Biblía fyrir börn

kynnir



Prinsinn úr
fljótinu



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: M. Maillot; Lazarus
Aðlagað af: M. Maillot; Sarah S; Alastair Paterson
Þýðandi: Práinn Kristjánsson
Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

BFC
PO Box 3
Winnipeg, MB R3C 2G1
Canada

©2021 Bible for Children, Inc.
Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.



Jósef forsætisráðherra var
dáinn! Öll egypska þjóðin
vottaði fjölskyldu hans
samúð. Guð hafði notað
hinn hebreska Jósef til

að verja landið fyrir
hungursneyð.

Jósef var
skynsamur
og elskaður
leiðtogi. En
nú var hann
látinn.




Svo liðu meira en 300 löng ár. Hebrear, fólk Jósefs, voru nú orðnir öflugir í Egyptalandi. Hinn nýji faraó var smeykur um að Hebrearnir mundu snúast gegn honum, svo hann gerði þá alla að þrælum.



Faraó var óvæginn við Hebreana. Hann, meira að segja, þvingaði þá til að byggja heilar borgir. En þrátt fyrir harðneskju faraós fjölgaði hebresku þrælunum enn meir.




Dag nokkurn barst hræðileg fyrirskipun frá faraó.
"Öllum nýfæddum hebreskum drengjum skal kastað í
Nílarfljót." Þessi vondi faraó sem staðráðinn var í
að fækka hebreunum mundi ekki hika við að
myrða börn!




Hvað gat nú fólkið gert til að bregðast við? Ein fjölskyldan tók þá ákvörðun að setja barn sitt, í notalegri vatnspéttri kórflu, á flot í Nílarfljót.



Hvað mundi nú verða um litla barnið, fljótandi á milli reyrstönglana, í litlum körfubát?




Úr fjarlægð, systir litla barnsins horfði nú á
þessa dýrmætu litlu kórflu hnykkjast á milli
reyrstönglana.



Svo allt í einu kom dóttir faraós, ásamt þjónustuliði sínu, til að baða sig í ánni. Ekki var kostur á að fela körfuna en kannski mundu þau ganga framhjá án þess að sjá hana.



“Nú þarna er karfa inn á milli reyrstönglana. Hvað skyldi vera í henni.” Dóttir faraós skipaði þjóni sínum að sækja körfuna. Þegar hún opnaði körfuna byrjaði barnið að gráta. “Hebreskt barn!” hrópaði prinsessan.



"Litla krúttið. Þú ert yndislegur." sagði dóttir faraós við barnið. Hún hefur líklegast talað og hjalað á egypsku barnamáli við litla hebreska kútinn.



Systirin hlýtur að hafa fengið sérlegt innsæi frá Guði, því að hún hljóp til dóttur faraós og sagði, "Viltu að ég finni fyrir þig hebreska konu til að passa barnið?" "Já endilega," svaraði hún. Hverja heldur þú að hún hafi haft í huga?




“Mamma! Komdu fljótt! Flýttu þér!” Kannski hún hafi ekki haft tíma til að útskýra málið. Síðan hlupu þær saman til baka niður stíginn.



Svo komu þær niður að fljótinu þar sem dóttir faraós hélt á barninu. "Hugsaðu um hann fyrir mig." sagði hún. "Ég mun borga þér fyrir. Kallaðu hann Móse." Verið gæti að Móse þýddi sonur vatnsins á Egypsku.



Svo þegar Móse kom aftur heim til foreldra sinna og fjölskyldu kenndu þau honum að elska Guð og fólkið sitt. Og skömmu síðar mundi hann búa í höllinni ásamt dóttur faraós. Guð, sem bjargaði lífi hans, hafði miklar fyrirætlanir um framtíð litla Móse.



Prinsinn úr fljótinu

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,


er að finna í

Annarri Mósebók 2

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”

Sálmarnir 119:130





Endir



9



60



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

